

Erindisbréf fyrir bæjarráð

Stjórnskipuleg staða

Bæjarráð fer með framkvæmdastjórn, fjármálastjórn og stjórnsýslu bæjarins ásamt bæjarstjóra samkvæmt sveitarstjórnarlögum, öðrum lögum og reglugerðum er þar að lúta.

Skipan nefndarinnar

Í bæjarráði eiga sæti þrír fulltrúar sem bæjarstjórn kýs til eins árs, að afloknum sveitarstjórnarkosningum, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020. Á sama hátt eru kjörnir þrír fulltrúar til vara. Aðeins bæjarfulltrúar eru kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráði. Auk kjörinna fulltrúa á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi bæjarráðs, með málfrelsi og tillögurétt. Bæjarráð getur einnig boðið öðrum til fundar varðandi tiltekin mál.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarfulltrúa. Ritari bæjarráðs er sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Hlutverk

- Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn bæjarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.
- Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnsýslu bæjarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.
- Bæjarráð hefur umsjón með verkefnum sem tengjast atvinnumálum, frumkvöðlastarfsemi, samgöngumálum, menningarmálum og markaðs- og ferðamálum. Þá fer bæjarráð með nýtingu þess húsnæðis sem undir það heyrir auk annarra verkefna sem bæjarstjórn felur því.
- Bæjarráð sér um að ársreikningar bæjarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.
- Þá fer bæjarráð með yfirumsjón almennra kjaramála og skipar fulltrúa í kjaranefndir. Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.
- Bæjarráð annast gerð kjörskrár vegna kosninga í umboði bæjarstjórnar og fjallar um athugasemdir og ágreiningsmál sem upp kunna að koma fram að kjördegi.
- Ef mál sem bæjarráð hefur heimild til að afgreiða eru samhljóða samþykkt í bæjarráði hefur bæjarstjóri heimild til að láta framkvæma þau. Ef mótatkvæði kemur fram í bæjarráði við afgreiðslu máls bíður frekari vinnsla þess afgreiðslu bæjarstjórnar.
- Meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella. Bæjarstjórn getur falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á

annan veg. Bæjarráð hefur heimild til fullnaðarákvörðunar um lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar bæjarfélagsins, kaup og sölu eigna bæjarfélagsins og annarra réttinda þess, sbr. 5. og 6. tl. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, enda sé ekki um verulega fjárhagslega hagsmuni að ræða og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við.

- Bæjarráð úrskurðar um heimild til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Bæjarráð skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í ráðinu setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

Sé bæjarráði ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt um stjórn sveitarfélagsins, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er fjallað í samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020 og skal þeim fylgt þar sem við á, s.s. um boðun funda, fundargerðir, stjórn á fundum, fundarsköp o.fl.

Bæjarráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaáætlun. Skal nefndin gera samþykkt um fundaráætlun á sínum fyrsta fundi, að höfðu samráði við bæjarstjóra. Sé um að ræða fund, sem ekki er gert ráð fyrir að sé á samþykkttri fundaráætlun, skal formaður tilkynna nefndarmönnum um áætlaðan fund eigi síðar en 5 sólahringum fyrir áætlaðan fund. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef bæjarstjóri eða a.m.k. tveir bæjarráðsfulltrúar óska þess.

Formaður bæjarráðs undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við bæjarstjóra. Bæjarstjóri boðar fundi bæjarráðs með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólahringum fyrir fund. Þó er heimilt að senda á annan veg vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Geti bæjarráðsfulltrúi ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og jafnframt hvaða varafulltrúi sitji fundinn í hans stað. Boðun varafulltrúa skal vera í samræmi við 15. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti kjörinna bæjarráðsfulltrúa er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Eftirfylgni

Formaður bæjarráðs skal snúa sér til sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs með eftirfylgni staðfesta samþykkt bæjarráðs.

Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í bæjarráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020 eftir atvikum.

Fulltrúi bæjarráðs er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann tilkynna forföll til fundarboðanda og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Hver bæjarráðsfulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns bæjarráðs og bæjarstjóra a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa almannahagsmuni og hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í bæjarráði en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020 í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum bæjarráðs.

Fulltrúar í bæjarráði og þeir sem sitja fundi þess eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum.

Fulltrúi bæjarráðs skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nána venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti.

Bæjarráð tekur ákvörðun um hæfi fulltrúa bæjarráðs. Fulltrúi bæjarráðs sem hlut á að máli tekur þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Fulltrúi sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í meðferð þess eða hafa áhrif á það með öðrum hætti og skal ávallt yfirgefa fundarsal við meðferð þess og afgreiðslu.

Lög og reglugerðar

Í störfum sínum skal bæjarráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið þess heyrir, s.s. sveitarstjórnarlögum, lögum um tekjustofna sveitarfélaga, stjórnsýslulögum, upplýsingalögum og öðrum þeim lögum og reglugerðum er varða verkefni bæjarráðs. Þá skal bæjarráð fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar nr. 991/2020.

Samþykkt í bæjarstjórn 1. júlí 2026